

Gróður í Kerlingarfirði og Kjálkafirði

Unnið fyrir Vegagerðina

Hafdís Sturlaugsdóttir

Sept 2008
NV nr. 3-08

ÚTDRÁTTUR

Vegagerðin áætlað að lagfæra núverandi veg frá Eiði í Vattarfirði um Kerlingarfjörð, Mjóafjörð og að Þverá í vestanverðum Kjálkafirði.

Gróðurfarsathugun var gerð á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í júní 2008. Gróðurfur á svæðinu einkenndist að mestu af birkikjarri, með lyngi sem undirgróðri, inn í fjörðunum en graslendi með lyngi úti á nesjum. Rannsóknarsvæðið var að mestu þurrlegt en í Kerlingarfirði er mýri (4,8 ha) með gulstör, vetrarkvíðastör og klófífu og nýtur hún sérstakar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd (nr. 44/1999).

Ekki fundust neinar plöntur á válista né heldur sem teljast sjaldgæfar. Ekki fundust heldur gróðurfélög sem teljast sjaldgæf á þessu landsvæði.

EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR	2
EFNISYFIRLIT	3
MYNDIR	3
INNGANGUR	4
AÐFERÐIR.....	4
Rannsóknarsvæðið	5
NÍÐURSTÖÐUR.....	6
Gróðurlendi	6
Gróðurfur.....	6
Tegundir plantna	12
Umræður	16
Heimildir	17

MYNDIR

Mynd 1. Yfirlitskort af rannsóknarsvæðinu og skipting á gróðurlendamyndum.....	5
Mynd 2. Gróðurlendi í Kerlingarfirði	7
Mynd 3. Birki að koma upp í röskuð svæði við vegöxl (ljósmynd BÞ)	7
Mynd 4. Tjörn fyrir ofan veg í Kerlingarfirði (ljósmynd HS)	8
Mynd 5. Gróðurlendi í Mjóafirði	8
Mynd 6. Gróðurlendi í vestanverðum Kerlingarfirði.....	9
Mynd 7. Gróðurlendi í Kjálkafirði austanverðum	10
Mynd 8. Sóldögg við Skiptá (ljósmynd BÞ).....	10
Mynd 9. Gróðurlendi í Kjálkafirði.....	11

INNGANGUR

Að beiðni Vegagerðarinnar fór fram könnun á gróðri og gróðurlendum frá Eiði í Vattarfirði að Þverá í Kjálkafirði vegna fyrirhugaða lagfæringa á vegi.

AÐFERÐIR


Gróðurkort af svæðinu eru ekki til. Gróðurskoðun fór fram 24. júní 2008. Gróður var kortlagður á vettvangi og skráð inn á loftmyndir. Gróður var flokkaður í gróðurfélög og landgerðir með sjónmati. Einnig var þekja skráð. Notaður var gróðurflokkunarlykill Náttúrufræðistofnunar frá 1997.

Í gagnabanka Náttúrufræðistofnunar eru til plöntulistar yfir háplöntur í 10 x10 km reitum frá þessu svæði. Þeir reitir ná langt út fyrir rannsóknarsvæðið. Listarnir voru athugaðir fyrir vettvangsferð til að kanna hvort þar væru plöntur á valista (Náttúrufræðistofnun Íslands, 1996). Við gróðurskoðun var gengið um svæðin og skráðar plöntutegundir sem fundust.

Gróðurkort var teiknað eftir þeim gögnum sem safnað var. Loftmyndir, frá Loftmyndum ehf, voru notaðar til að teikna gróðurlendin inn á. Hluti loftmyndanna var tekinn árið 1999 þ.e. Kjálkafjörður og hluti Litlanes en annar hluti tekinn árið 2004. Flughæð var 3500 m.

Rannsóknarsvæðið

Rannsóknarsvæðið nær frá Eiði í Vattarfirði og að Þverá í Kjálkafirði vestanverðum. Svæðið er að mestu vaxið birkikjarri frá fjöru og upp í hlíðar í um það bil 200 -250 m hæð. Nokkuð undirlendi er við Eiði og inn að Mjóafirði. Kort af rannsóknarsvæðinu er sýnt á mynd 1, en kortið er frá Landmælingum Íslands. Rammar á korti sýna hvernig svæðið er afmarkað á gróðurlendamyndum.



Mynd 1. Yfirlitskort af rannsóknarsvæðinu og skipting á gróðurlendamyndum

NIÐURSTÖÐUR

Gróðurlendi

Gróðurlendi sem fundust voru eftirfarandi;

Gróðurlendi

Mosagróður

A4 Mosi með smárunnum

Lyngmói

B1 Krækilyng–fjalldrapi–bláberjalyng

B3 Krækilyng - víðir

B6 Holtasóley–krækilyng–víðir

Birki

C1 Fjalldrapi–bláberjalyng–krækilyng

C5 Ilmbjörk

C7 Ilmbjörk–gulvíðir

Víðimói og kjarr

D3 Loðvíðir–grávíðir

Graslendi

H1 Grös

H3 Grös með smárunnum

H7 Grös með elftingu

Hálfdeigja

T2 Hrossanál–starir–grös

Ræktað land

R2 Tún í góðri rækt

R3 Önnur tún

Mýri

U4 Mýrastör/stinnastör–klóffá

Flói

V1 Gulstör

V5 Vetrarkvíðastör

Aðrar merkingar á myndum af gróðurlendum eru;

Þekja

x Gróðurþekja að meðaltali 75%

z Gróðurþekja að meðaltali 50%

þ Gróðurþekja að meðaltali 25%

Annað

b gjót á yfirborði

Ógróið land

me Melar

n Náma

sa Sandur

gt Grjót

sk Skriður

fj Fjara

ey Þurrar áreyrar

Gróðurfur

Úti á Eiðinu, milli Vattarfjarðar og Kerlingarfjarðar er rannsóknarsvæðið mestu vaxið lyngi, fjalldrapi og einstaka birkitré. Einnig eru mosaholt með lyngi og melar, sjá mynd 2. Gróðurþekja er víða skert. Þegar kemur inn í Kerlingarfjörð er nokkuð undirlendi sem er að mestu vaxið birkikjarri. Fjalldrapi, krækilyng, bláberjalyng, aðalbláberjalyng og sortulyng eru í undirgróðri ásamt blágresi. Víða eru reynitré sem standa upp úr birkikjarrinu. Samfellt birkikjarr er að mestu frá fjöru og í um 250 m fyrir ofan núverandi veg.



Mynd 2. Gróðurlendi í Kerlingarfirði

Mjög víða, þar sem jarðvegi hefur verið raskað er að finna sjálfsáðar birkiplöntur, sem eru að koma upp (mynd 3). Vegkantar eru víða vaxnir víði- og birkikjarri.



Mynd 3. Birki að koma upp í röskuð svæði við vegöxl (ljósmynd BP)

Þar sem Kerlingarfjörður og Mjóifjörður mætast er nokkurt votlendi, að mestu neðan núverandi vegar. Þar er allstór (4,7 ha) samfelld mýri með gulstör, klóffu og vetrarkvíðastör. Einnig eru þar minni blettir (0,2–1,4 ha hver) með mýrastör, klóffu og

vetrarkvíðastör (U4, V1, V5 á mynd 2). Meðfram núverandi vegi eru litlar tjarnir með nokkuð fjölbreyttum gróðri. Þar er m.a. klófífa, gul- og loðvíðir, vatnsnál, dúnurtir og ýmsar starir, sjá mynd 4.



Mynd 4. Tjörn fyrir ofan veg í Kerlingarfirði (ljósmynd HS)



Mynd 5. Gróðurlendi í Mjóafirði

Í Mjóafirði er undirlendi lítið nema í botni fjarðarins. Birkikjarr er að mestu frá fjöru og upp undir kletta, sjá mynd 5. Birkikjarrið er skreytt reynitryám. Undirgróður í birkikjarrinu er blágresi, bláberja- og aðalbláberjalýng, krækilyng, sortulyng og hrútaberjalýng. Einnig er víðir inni á milli og nokkuð er af eski. Landið ber þess merki að



Mynd 7. Gróðurlendi í Kjálkafirði austanverðum

Bærinn Litlanes stóð á Litlanesi yst í Kjálkafirði en Stekkjarnes var aðeins innar. Í kringum þessi bæjarstæði er graslendi, annars er graslendi að mestu blandað lynggróðri. Þegar innar dregur tekur við birkikjarr neðan núverandi vegar en kjarrið er slitróttara og yfirleitt lávaxnara ofan vegar. Upp undir fjallabrúnum er lyngmóagróður með krækilyngi, holtasóley, ljónslappa og bláberjalyngi, sjá mynd 7.

Rétt innan Skiptár í austanverðum Kjálkafirði er breiða af sóldögg (*Drosera rotundifolia*) í deiglendi rétt veginn, sjá mynd 8.



Mynd 8. Sóldögg við Skiptá (ljósmynd BÞ)



Mynd 9. Gróðurlendi í Kjálkafirði

Inni í Kjálkafirði frá Skiptá að austanverðu og að Þverá að vestanverðu er birkikjarr mest áberandi. Þekja þess er nokkuð misjöfn aðallega vegna kletta í hlíðum fjallanna, sjá mynd 9. Undirgróður er sem fyrr fjalldrapi, krækilyng, bláberjalyng, aðalbláberjalyng og sortulyng.

Tegundir plantna

Alls fundust 126 tegundir háplantna á svæðinu, en áður höfðu fundist um 163 plöntur í 10x10 km reitum. Allar tegundirnar sem fundust eru algengar á þessu landsvæði.

Plönturnar voru skráðar í 1x1 km reiti samkvæmt Reitakerfi Íslands (<http://floraislands.is/reitkerfi.htm>)

Háplöntutegundir sem fundust við gróðurskoðun í júní 2008 á rannsóknarsvæðinu, eru skráðar í töflu 1. Nafngiftir eru samkvæmt Herði Kristinssyni (Hörður Kristinsson, 1986).

Tafla 1. Listi yfir háplöntur sem fundust í gróðurskoðun 24. júní 2008.

Íslenskt nafn	Latneskt nafn	Reitir				
		315 570	320 565	320 575	320 570	325 570
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>	x	x	x	x	x
Alaskalúpína	<i>Lupinus nootkatensis</i>				x	
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>	x	x	x	x	x
Baldursbrá	<i>Tripleurospermum maritimum</i>			x	x	x
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>	x				
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>		x			
Birki	<i>Betula pubescens</i>	x	x	x	x	x
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>	x	x	x	x	x
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>	x	x	x	x	x
Blálilja	<i>Mertensia maritima</i>			x		x
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>			x	x	x
Blátoppastör	<i>Carex canescens</i>	x			x	x
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>	x		x	x	x
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>	x	x	x	x	x
Blómsef	<i>Juncus triglumis</i>	x	x	x	x	x
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>	x	x		x	x
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>	x	x		x	x
Brönugrös	<i>Dactylorhiza maculata</i>	x		x	x	
Bugðupuntur	<i>Avenella flexuosa</i>	x	x	x	x	x
Burnirót	<i>Rhodiola rosea</i>				x	
Einir	<i>Juniperus communis</i>	x		x	x	x
Engjarós	<i>Comarum palustre</i>	x			x	
Eski	<i>Equisetum hyemale</i>			x	x	x
Eyrarrós	<i>Chamerion latifolium</i>					x
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>	x				
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>	x	x	x	x	x
Fjallapuntur	<i>Deschampsia alpina</i>	x	x			

Íslenskt nafn	Latneskt nafn	Reitir				
		315 570	320 565	320 575	320 570	325 570
Fjallastör	<i>Carex norvegica</i>	x				x
Fjaldalafífill	<i>Geum rivale</i>	x	x			x
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>		x		x	x
Fjöruarfi	<i>Honckenya peploides</i>					x
Flagahnoðri	<i>Sedum villosum</i>	x	x	x	x	x
Flagasef	<i>Juncus biglumis</i>					x
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>	x	x	x	x	x
Geithvönn	<i>Angelica sylvestris</i>				x	
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>	x	x	x	x	x
Gleym-mér-ei	<i>Myosotis arvensis</i>	x	x			x
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>	x	x	x	x	x
Grávíðir	<i>Salix callicarpaea</i>	x	x	x	x	x
Grávorbólóm	<i>Draba incana</i>	x	x		x	x
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>	x	x	x	x	x
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>	x	x			
Gulstör	<i>Carex lyngbyei</i>		x		x	
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>	x	x	x	x	x
Haugarfi	<i>Stellaria media</i>		x		x	
Háliðagras	<i>Alopecurus pratensis</i>		x			
Hálíngresi	<i>Agrostis capillaris</i>		x			
Hálmgresi	<i>Calamagrostis neglecta</i>					x
Hrímblaðka	<i>Atriplex glabriuscula</i>			x	x	x
Hjartarfi	<i>Capsella bursa-pastoris</i>		x			
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>	x	x	x	x	x
Holurt	<i>Silene uniflora</i>	x	x	x	x	x
Horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>				x	x
Hófsóley	<i>Caltha palustris</i>		x		x	
Hrafnaífa	<i>Eriophorum scheuchzeri</i>	x	x	x	x	
Hrafnaklukka	<i>Cardamine pratensis</i>	x	x	x	x	
Hrossanál	<i>Juncus arcticus</i>		x		x	
Hrútaber	<i>Rubus saxatilis</i>	x		x	x	x
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>		x	x	x	x
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>	x	x	x		x
Kattartunga	<i>Plantago maritima</i>	x	x	x	x	x
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>	x	x	x	x	x

Íslenskt nafn	Latneskt nafn	Reitir				
		315 570	320 565	320 575	320 570	325 570
Klófífa	<i>Eriophorum angustifolium</i>	x	x	x	x	x
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>	x		x		x
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>	x	x	x	x	x
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>	x	x	x	x	x
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>	x	x	x	x	x
Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>		x	x	x	x
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>	x	x	x	x	x
Ljósberi	<i>Viscaria alpina</i>	x		x	x	x
Loðvíðir	<i>Salix lanata</i>	x	x	x	x	x
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>					x
Lófótur	<i>Hippuris vulgaris</i>				x	
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>	x		x	x	
Lyfjagras	<i>Pinguicula vulgaris</i>	x	x	x	x	x
Lyngjafni	<i>Lycopodium annotinum</i>	x		x		x
Lækjadepla	<i>Veronica serpyllifolia</i>	x	x		x	
Lækjagrýta	<i>Montia fontana</i>			x		
Mariustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>	x	x	x	x	x
Melablóm	<i>Arabidopsis petraea</i>	x	x	x	x	x
Melasól	<i>Papaver radicum</i>	x	x	x	x	x
Melgresi	<i>Leymus arenarius</i>	x				x
Mjaðjurt	<i>Filipendula ulmaria</i>	x				
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>	x	x	x	x	x
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>	x	x	x	x	x
Mýrafinningur	<i>Trichophorum caespitosum</i>				x	
Mýrasauðlaukur	<i>Triglochin palustre</i>	x		x	x	x
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>	x	x	x	x	x
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>	x	x	x	x	x
Reynir	<i>Sorbus aucuparia</i>			x	x	x
Reyrgresi	<i>Hierochloe odorata</i>	x	x	x	x	
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>	x			x	
Skammkrækill	<i>Sagina procumbens</i>		x	x		
Skariffill	<i>Leontodon autumnalis</i>	x	x	x		x
Skollafingur	<i>Huperzia selago</i>	x		x		
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>			x	x	x
Skriðnablóm	<i>Arabis alpina</i>	x	x	x	x	x

Íslenskt nafn	Latneskt nafn	Reitir				
		315 570	320 565	320 575	320 570	325 570
Slíðrastör	<i>Carex vaginata</i>	x	x	x		x
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>	x	x	x	x	
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>	x	x		x	x
Sortulyng	<i>Arctostaphylos uva-ursi</i>	x		x	x	x
Sóldögg	<i>Drosera rotundifolia</i>	x				
Steindepla	<i>Veronica fruticans</i>		x			
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>	x	x	x	x	x
Stjörnusteinnbrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>	x		x	x	x
Sýkigras	<i>Tofieldia pusilla</i>	x	x	x	x	
Tágamura	<i>Argentina anserina</i>	x	x	x	x	x
Tjarnastör	<i>Carex rostrata</i>	x				
Tófugras	<i>Cystopteris fragilis</i>				x	
Tungljurt	<i>Botrychium lunaria</i>					x
Túnfífill	<i>Taraxacum spp.</i>	x	x	x	x	x
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>	x	x	x	x	x
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>	x	x	x	x	x
Undafífill	<i>Hieracium ssp.</i>	x	x			x
Vallarfoxgras	<i>Phleum pratense</i>		x			
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>	x	x	x	x	x
Vallelfting	<i>Equisetum pratense</i>		x	x	x	x
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>		x			
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>	x	x	x	x	x
Varpasveifgras	<i>Poa annua</i>		x			x
Vatnsnál	<i>Eleocharis palustris</i>				x	
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>		x	x	x	x
Vetrarkvíðastör	<i>Carex chordorrhiza</i>				x	
Vorbrúða	<i>Callitriche palustris</i>		x		x	
Þúsundblaðarós	<i>Athyrium distentifolium</i>				x	
Ætíhvönn	<i>Angelica archangelica</i>			x	x	x

Verndarákvæði

Hluti svæðisins er vaxinn náttúrulegum birkiskógi með reynitjám og víðikjarri. Samkvæmt lögum um náttúruvernd ber Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins að vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum. (Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 39 gr.).

Nokkuð votlendi, 4,8 ha samfelld mýri, er á mótum Kerlingarfjarðar og Mjóafjaðar austanverðum. Mýri, sem er stærri en 3 ha nýtur sérstakar verndar sbr. 37 gr. laga um náttúruvernd (nr. 44/1999). Einnig eru í kring um þessa mýri smærri votlendisblettir (sjá mynd 2, V1/V5, U4 og C5/U4).

Umræður

Svæðið er að mestu vaxið birkiskógi eins og víða er á Barðaströnd. Skógurinn er yfirleitt samfelldari inni í fjörðum heldur en úti á nesjum. Víða á röskuðum svæðum var nýliðun á birki.

Heimildir

Hörður Kristinsson, (1986). *Plöntuhandbókin: blómplöntur og byrkningar*. Reykjavík:

Örn og Örlygur.

Lög um náttúruvernd nr. 44/1999

Náttúrufræðistofnun Íslands, (1996). *Válisti 1 : Plöntur*. Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun Íslands, (2007). Plöntuvefsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands:

<http://www.ni.is/>